

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 158158. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, miðvikudaginn 2. mars 2022 og hófst hann kl. 09:30.

Fundinn sátu:

Drífa Skúladóttir, Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson og Valgerður Hlín Krstmannsdótti.

Fundargerð ritaði: Valgerður Hlín Krstmannsdóttir, Aðstoðarmaður skipulagas- og byggingarfulltrúa.

Dagskrá:

1. Hótel Búðir - Ósk um heimild fyrir deiliskipulagsvinnu fyrir starfsmannahús - 2203006

Kári Eiríksson sendir inn ósk fyrir hönd Búðir Fasteignir ehf. um leyfi til þess að vinna deiliskipulag fyrir starfsmannahús á lóð Íb-5 í Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2030 á Búðum. Gert er ráð fyrir tveimur byggingum á lóðinni auk sorpgerðis fyrir þrjá sorpgáma. Starfsmannahús gæti orðið allt að 460 fm að stærð og geymsla/bílskýli 130 fm.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið en bendir á að mænishæð verði ekki hærrí en 5,4 m frá gólfkvóta.

Samþykkt

2. Fossabrekka 2 - Umsókn um byggingarleyfi fyrir einbýlishús á 2 hæðum - 2203001

Ólafur Hlynur Illugason sækir um leyfi til að byggja 325 fm steinsteypt einbýlishús á tveimur hæðum á Fossabrekku 2, sjá meðfylgjandi teikningar.

Illugi vikur af fundi.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Illugi kemur aftur inn á fund.

Samþykkt

3. Grundarbraut 39 - Umsókn um byggingarleyfi fyrir viðbyggðum bílskúr - 2203002

Kristmundur Sumarliðason sækir um leyfi til að gera 55,4 fm viðbyggðan bílskúr við austurgafli einbýlishúss síns að Grundarbraut 39, sjá meðfylgjandi teikningar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu fyrir húseigendum að Grundarbraut 41, 42 og 44 og Skipholti 4.

Samþykkt

4. Helluhóll 12 a, b og c - Umsókn um byggingarleyfi fyrir parhúsi - 2203003

Snælda ehf. sækir um leyfi til að byggja 318,4 fm steinsteyppt raðhúsi á Helluhóli 12 a, b og c. Sjá meðfylgjandi teikningar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

5. Helluhóll 14 a, b og c - Umsókn um byggingarleyfi fyrir parhúsi - 2203004

Snælda ehf. sækir um leyfi til að byggja 318,4 fm steinsteyppt raðhúsi á Helluhóli 14 a, b og c. Sjá meðfylgjandi teikningar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

6. Hótel Búðir - Umsókn um byggingarleyfi fyrir stækkun hótélbyggingar - 2203005

Kári Eiríksson sækir fyrir hönd Búðir Fasteignir ehf. um leyfi til að stækka hótélbygginguna í samræmi við gildandi deiliskipulag. Birt flatarmál eftir stækkun verður 2.741,9 fm.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki Umhverfisstofnunar.

Samþykkt

7. Sölvaslóð 10 - Umsókn um byggingarleyf vegna breytinga á gluggum og útihurð - 2203007

Þór Magnússon sækir um byggingarleyfi til þess að skipta um glugga og útihurðir á frístundahúsi sínu að Sölvaslóð 10, Arnarstapa. Breytingar eru samkvæmt meðfylgjandi upprætti.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

8. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2022 - 2201001

- Ástand fasteigna Snæfellsbæjar
Rætt.

- Erindi vegna One Land Robot

Umhverfis- og skipulagsnefnd leggur til að þessu verði bætt við núverandi kerfi tæknideildarinnar til að bæta þjónustu, auka gæði skjalavinnslu og betri nýtingu vinnutíma starfsfólks.

- Reglur um götu- og torgsölu

Uppfæra þarf verðið samkvæmt núgildandi verðskrá.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:15.